# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 43

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Jónatan Þorsteinsson
Reykjavík

Brf. 2/4 '10
By. 5

Hér með leyfi ég mér, að biðja hina háttvirtu byggjingarnefnd Reykjavíkur, að leyfa mér að byggja hús á lóð minni við Vatnstíg No. 3. samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Húsið verður alt byggjt úr steini, útveggjir og innveggjir, steingólf og "Cocolith" loft. Bitar og gluggar úr járni, einnig hurðir þær sem eru á milliveggjunum.

Húsið á að notast til vinnustofu, í öðrum enda þess verður eitthvað af vélum og gasmótor. Það skal tekjið fram, að 3 hliðar hússins verða eldtraustar (án dyra og glugga).

Eg vona að hin háttvirta byggjingarnefnd veiti mér þetta leyfi.

Reykjavík, 1. April 1910.

Allra virðingarfyllst.

Jónatan Þorsteinsson

Til byggjingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvk. 240/1910 By. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 2. apríl 1910

Hjermeð vil eg leyfa mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd, að eg mætti gera þær breytingar á neðsta gólfi í húsi mínu Austurstræti 3 (austurhlutanum) að það yrði bæði inni og út að götunni í fullu samræmi við vesturenda hússins, sem kaupmaður Jón Brynjólfsson er eigandi að. Breytingin er í því fólgin, að eitt skilrúm verður fært til að norðanverðu í húsinu, nýjar dyr settar austanlega á suðurhliðina og nýr búðargluggi stór alveg á sama hátt og í vesturenda hússins hinumegin við forstofudyrnar, svo að húsið allt beggja vegna við þær líti alveg eins út frá götunni (Austurstræti). Að norðanverðu í húsinu, er snýr út að garðinum hef eg hugsað mjer að setja tvö skilrúm (þar er nú engin milligerð í mínum hluta) og verður það herbergi, sem ætlað er fyrir skósmíðavinnustofu meir en nægilega stórt samkvæmt byggingarsamþykktinni. Hin herbergin verða engin íbúðarherbergi.

Eg get ekki snúist við því nú sem stendur

B. Rich. 2/4 1910. B. X 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að senda uppdrátt af grunnfleti hússins til að sýna, hvernig herbergjaskipun breytist innbyrðis, en eg skal senda hann jafnskjótt sem byrjað er á byggingunni, er þarf að gerast snemma í næstu viku, með því að leigjandi minn þarf að fá húsið til notkunar 1. maí næstkomandi. Er meiningin að sölubúð verði í þessum hluta hússins, eins og í austurhlutanum. Eg vænti þess leyfis hinnar heiðruðu byggingarnefndar til þessarar breytingar nú þegar.

Virðingarfyllst

Hannes Þorsteinsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvk 2/4 1910.

Jeg undirritaður bið byggingarnefnd Reykjavíkur að afmarka -helst sem allrafyrst- grunnstæði á austurhorninu við Hverfisgötu og Ingólfsstræti. Stærð hússins er 16 × 16 ál. Verður bygt úr steinsteypu. Uppdrátt sendi jeg síðar. Tilkynna skal stjórnarráðinu hvenær afmörkunin fer fram.

Virðingarfyllst

Guðm. Hannesson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 24/4 1910 B. 7. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður leyfi mér hérmeð virðingarfylst að fara þess á leit, að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur-kaupstaðar vildi leyfa mér að gera þær breytingar á húsi mínu, nr. 35 við Laufásveg:

a. að byggja íbúðarskúr, 7×5 álnir, við austurhlið hússins (bakhlið) með beinu framhaldi af suðurgafli 7 álnir til austurs, tvílyftan eins og húsið sjálft, en án kjallara, og með flötu þaki og einum skorsteini; ennfremur að setja dyr úr húsinu sjálfu út í skúrinn á báðum hæðum, en færa glugga, sem þar eru nú á bakhliðinni, yfir á suðurgafl hússins.

b. að breyta herbergjaskipun á neðri

B. Kuh. 24/1 1910 B.T. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hæð hússins þannig, að í stað
þriggja herbergja, sem nú eru í
framhlið þess (þeirri er snýr út
að Laufásvegi), í 2 herbergi.

Uppdráttur fylgir hérmeð, er sýnir
bæði, hvernig húsið er nú, og hvernig
það er fyrirhugað eftir að umrædd
breyting er á því ger.

Reykjavík 30. maí 1910.

Sigurður Jónsson
barnakennari.

Til
byggingarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi jeg undirritaður mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur um leyfi til þess að stækka efri hæð á húsi mínu við Hverfisgötu eins og meðfylgjandi teikning sýnir.

Svar óska jeg eptir að fá á næsta fundi nefndarinnar.

Reykjavík 29 marz 1910.

Virðingarfyllst

Tryggvi Árnason
trésmiður.

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 230/1910 B. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur að hún hafi lóð þá er jeg hefi beðið um eigi breiðari en 25 álnir þá jeg ekki hefi brúk fyrir hana breiðari. Enn-fremur óska jeg að fá 4 ál til viðbótar á lengdina meðfram Laugavegi eftir nánari yfirvegun frá verkfræðing bæjarins

Reykjavík 7/4–1910.

Virðingarfyllst

Helgi Jónsson

Hverfisgötu 4.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 238/1910

B. 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð tilkinnist hinni heiðruðu Byggingarnefnd að við undirskrifaðir höfum áformað að byggja íveruhús á lóð okkar, við Laufásveg (Holtastaðalóð) húsið verður gjört eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, og vonum við að ekkert geti verið því til fyrirstöðu.

Ennfremur vildum við mælast til hvort við ekki gætum fengið að láni lóðarræmu þá er liggur milli okkar lóðar og lóðar Björns Símonarsonar, með því að lagfæra hana og afstanda hana aftur hvenær sem krafist verður.

Rvík 26 Marz 1910

Steingr. Guðmson Br. Björnsson

Lárus G. Lúðvigsson

Til

Byggingarnefndarinnar í Rvík

B. Rvk. 29/4 1910

B. J. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 17. marz 1910

Ég undirritaður leyfi mér hérmeð að fara þess á leit við hina háttv. Byggingarnefnd Rvíkur, að hún leyfi mér að setja í norðurgaflinn á húsi mínu Bankastr. 12, 2 stóra búðarglugga, í staðinn fyrir 1 glugga, sem að Bankastr. þó er hinn háttv. Byggingarnefnd hefir áður leyft. — Meðfylgjandi teikning sýnir breyting þessa. — Einnig vildi ég mega fara fram á, að fá leyfi til að hafa fótstykkið undir veggjunum ~~búðinni~~ heilt, í staðinn fyrir í bútum á miðjum gluggum.

Með virðingu

Magnús Þorsteinsson

Til hinnar háttvirtu Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 236/1910 B.T. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkir breytingunni með því skilyrði, að hlið hússins og gafl verði gjörð að nýju, að því er snertir neðri hæð hússins og stafir 6×6 þuml.

Rvk 17 marts 1910.

K. Zimsen.

Samþykkur breitingunni með ofanrituðu skilirði.

Rvík 17 Mar. 1910

Sveinn Jónsson

Samþykkur breytingunni með ofan-rituðu skilyrði

Hall Einarsson

Einnig samþykkur

Jón Jensson G. Olsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 2. apríl '10

1. Magnúsi Þorsteinssyni leyft að setja 2 glugga í staðinn fyrir einn á hús hans Bankastr. 12, sem og að hafa fótstykkið undir gluggunum heilt í staðinn fyrir í bútum að miðjum gluggum.

2. Steingr. Guðmundss., Brynjólfi Björnssyni og Lárusi G. Lúðvígssyni leyft að reisa hænsnahús á Hollastaða-lóð efst við Bergstaðastræti 22 × 5.

Sömu menn biðja um að fá að láni lóðarræmu sem liggur á milli lóðar þeirrar, sem hænsnahúsið á að byggjast á og túns Björns Símonarsonar, en þessi lóðarræma bæjarins er ætluð undir veg. Byggingarnefndin leggur til að þeim verði ljeð lóðarræma þessi til notkunar, með því skilyrði, að hún verði afhent aptur bæjarstjórninni fyrirvaralaust hvenær sem þess verður krafist, án nokkurs kostnaðar fyrir bæinn, eins og líka taka verður burt mannvirki þau, er gjörð verða á lóðinni lóðareiganda að kostnaðarlausu. Lóðarræman er að stærð c. 650 ferálnir. Nefndin leggur til að leigan eptir lóðina verði 10 kr. á ári. –

3. Var lögð fram kæra frá Helga Hannessyni, dags. 22. f.m., en með brjefi þessu kærir hann byggingarnefnd og bæjarstjórn til stjórnarráðsins fyrir það, að meðeiganda hans að húsinu Nr. 12 við Bankastræti hefur verið leyfð breyting á sínum húshelming, án þess að byggingarnefndin krefðist eldvarnarveggs. Lögð var ennfremur fram skrifleg umsögn bæjarverkfræðingsins um kæruna og vísar nefndin til hennar í einu sem öllu að því viðbættu, að þar sem hjer er um eitt hús að ræða gat ekki komið til mála að krefjast þess, að eldvarnarveggur væri settur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Helgi Jónsson, steinsm. sækir um að breidd lóðar þeirrar, er hann keypti við Laugaveg, verði ákveðin 25 álnir í staðinn fyrir 35 álnir, en að lóðin verði lengd um 4 álnir.

Nefndin leggur til að lóðin verði lengd um 5 álnir og mjókkuð um 5 álnir. Yrði þá stærð lóðarinnar 55 × 30 álnir.–

5. Tryggva Árnasyni, trjesm. synjað að svo komnu um að gjöra breytingu á húsi hans við Hverfisg.

6. Sig. Jónssyni, barnakennara leyft að byggja íbúðarhús 7 × 5 álnir við bakhlið á húsi hans Laufásv. 35, og breyta herbergjaskipun í húsinu samkv. uppdrætti.

7. Jónatan Þorsteinssyni, kaupm. leyft að byggja smiðahús 21¼ × 14 álnir á lóð hans við Vatnsstíg Nr. 3. Er ætlast til að í því verði settar smíðavjelar og gasmotor, en til þess þarf samþykki brunamálanefndar.–

8. Guðm. Hannesson, hjeraðslæknir fer þess á leit, að afmarkað verði hússtæði á austurhorninu við Hverfisgötu og Ingólfsstræti. Nefndin fól bæjarverkfræðingnum að afmarka austurjaðarinn á fyrirhugaðri framlengingu Ingólfsstrætis samkv. ákvæðum bæjarstjórnarinnar 21. febr. 1907.–

9. Erindi Frederiksens bakara um að byggja hús við Vesturgötu vísað til bæjarverkfræðingsins til nánari athugunar.–

10. Hannesi Þorsteinss. alþingism. leyft að gjöra ýmsar breytingar á húsi sínu, austurenda hússins Nr. 3 í Austurstræti.–

Á fundi vantaði Jón Jensson, Rögnvald Ólafsson og Guðm. Olsen.–

Fundi slitið

Páll Einarsson

K. Zimsen  Sveinn Jónsson

Sig. Thoroddsen.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur